

2287. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 10. janúar 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson Torfi Rafn Halldórsson og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættir varamenn í stjórn: Halldór Breiðfjörð Jóhannsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Þá tók Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ sæti á fundinum undir dagskrárlið 4.

Forföll: Orri V. Hlöðversson og Guðlaug Helga Sigurðardóttir.

Fundargögn:

- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – tekjur og gjöld í bikarkeppnum
- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga
- Minnisblað frá starfshópi um ferðapáttökugjald
- Minnisblað um fjárhagsáætlun 2023
- Minnisblað um athugasemdir við úthlutun vegna þróunarstarfs barna og unglunga 2022
- Skýrsla starfshóps um varalið í keppni meistaraflokks kvenna (þingskjal 13 á ársþingi KSÍ 2022)
- Erindi frá FIFA vegna Pelé
- Erindi frá Breiðdalsvík vegna Pelé-vallar
- Erindi frá Ívari Ingimarssyni vegna úttektar á knattspyrnumannvirkjum

1. Fundargerð síðasta fundar (2286) hefur þegar verið undirrituð með rafrænum hætti, sem og fundargerð frá aukafundi stjórnar sem fram fór 14. desember 2022.

2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fréttir frá ÍTF.

a. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:

- ✓ Dómaranefnd 14. nóvember 2022
- ✓ Mannvirkjanefnd 23. nóvember 2022
- ✓ Fjárhagsnefnd 5. desember 2022

b. Dagskrárliðnum fréttir frá ÍTF var frestað vegna forfalla Orra V. Hlöðverssonar.

3. Lög og reglugerðir.

a. *Lögð var fram tillaga til breytinga á reglugerð um knattspyrnumót – ákvæði um tekjur og kostnað í bikarkeppni sbr. fyrri umfjöllun stjórnar. Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*

Það sem lagt er til að bætt verði við í reglugerðina er **grænmerkt**

Það sem lagt er til að falli út úr reglugerðinni er **yfirstríkað**

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

13.gr.

Þáttökuréttur

13.4. Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni **og bikarkeppnum** (ef við á) og ógreiddar

skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þátttökutilkynningin ekki verið staðfest.

23.gr.

Meistaraflokkur karla

23.2 Bikarkeppni KSÍ

23.2.9 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á. ~~Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á~~

23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.

23.3 Bikarkeppni neðri deilda

23.3.6 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á.

23.3.7 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni neðri deilda skulu skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina.

23.3.8 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.

29.gr.

Meistaraflokkur kvenna

29.2. Bikarkeppni KSÍ

29.2.5 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á. ~~Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á.~~

29.2.6 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í

bikarkeppni skulu skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. ~~Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.~~

- b. Lögð var fram tillaga til breytinga á reglugerð um knattspyrnuleikvanga – ákvæði um flóðlýsingu. Leitað var umsagnar ÍTF en umsögn barst ekki. *Stjórn samþykkti tillögu um að færa kröfur um lágmarkslýsingu í 800 lux.*

Það sem lagt er til að bætt verði við í reglugerðina er grænmerkt

Það sem lagt er til að falli út úr reglugerðinni er yfirstríkað

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Grein 41 – Flóðlýsing

41.1 Flóðlýsing á leikvöllum skal uppfylla kröfur sem koma fram í gildandi staðli IST EN 12193 og í reglugerð UEFA um leikvanga (UEFA Stadium Infrastructure Regulations), þar sem hún á við og til hennar vísað.

41.2 Flokkur A: Krafist er flóðlýsingar í samræmi við kröfur UEFA í valla-flokk 3 (Category 3). ~~KSÍ er þó heimilt að lækka þessar kröfur til samræmis við valla-flokk 2 í reglugerð UEFA, ef rökstudd umsókn er lögð fram um slíkt, og leikvangurinn er ekki ætlaður fyrir keppni landsliða í mótum á vegum UEFA eða FIFA.~~

41.3 Flokkur B: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ, en á nýjum leikvöllum eða við verulegar endurbætur leikvalla liða í efstu og næst efstu deild er æskilegt að gert sé ráð fyrir lýsingu.

Flóðlýsing sem fyrir er á leikvöllum í flokki B og uppfyllti staðla og reglugerðir þegar hún var sett upp, skal að lágmarki vera 500 Eh(lux).

Ef leikvöllur er útbúinn með flóðljósum, og til sjónvarpsútsendingar kemur, þarf nauðsynleg lýsing að lágmarki að vera 500 Ev (lux), skv. íslenskum staðal þar um (IST EN 12193:2007). Jafnleiki lýsingar skal ekki vera minni en 0,5 fyrir Emin/Emax og 0,7 fyrir Emin/Eav. Litur lýsingar skal vera $\geq 4000^{\circ}\text{K}$.

Við nýframkvæmdir og endurbætur á flóðlýsingu á leikvöllum í flokki B skal lýsingin að lágmarki vera 800 Eh(lux).

41.4 Flokkur C: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ. Ef leikvöllur í flokki C er útbúinn með flóðljósum skal lýsing að lágmarki að vera 300 Eh (lux).

Við nýframkvæmdir og endurbætur á leikvelli í flokki C skal lýsing á hinn bóginn að lágmarki vera 500 Eh(lux) og uppfylla að öðru leyti gildandi staðal og reglugerðir, skv. grein 41.1

Ef sjónvarpað er frá leikvelli og lýsing nauðsynleg, skal lýsingin vera að lágmarki 500 Eh (lux).

41.5 Reglugerðir UEFA gilda um flóðlýsingu á knattspyrnuvöllum sem leikið er á í keppnum á vegum UEFA.

- c. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður kynnti tillögur frá starfshópi um stjórnskipulag KSÍ. Tillögur sem koma frá hópnum taka mið af niðurstöðum funda 29. nóvember sl. og 4. janúar og úttektum UEFA á lögum KSÍ og stjórnarháttum KSÍ (Good Governance). Tillögunum var vísað til lögfræðings KSÍ og laga- og leikreglnanefndar til úrvinnslu og kemur málið aftur til umræðu og afgreiðslu á næsta stjórnarfundum.

Bryndís Einarsdóttir, fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum.

4. Fjármál

- a. Lögð voru fram til umræðu drög að fjárhagsáætlun 2023 og meðfylgjandi minnisblað. Farið var ítarlega yfir einstaka þætti í fjárhagsáætlun, þar á meðal:
 - ✓ Stjórn KSÍ tók til umræðu stöðu samningaviðræðna við FDD.
 - ✓ Stjórn KSÍ tók til umræðu tillögu starfshóps um ferðaþátttökugjald. *Stjórn samþykkti tillögu starfshópsins með þeirri breytingu að tillagan gildi í 6 ár í stað 3ja.* Málinu var vísað til LLR til úrvinnslu.
 - ✓ *Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til að í fjárhagsáætlun 2023 verði gert ráð fyrir að 50 milljónir renni til þróunarstarfs barna og ungmenna.*Fjárhagsáætlun KSÍ 2023 verður unnin áfram á milli funda og lögð aftur fram til umræðu á næsta stjórnarfundum.
- b. Farið var um þær athugasemdir sem bárust við úthlutun vegna þróunarstarfs barna og unglunga í knattspyrnu og var framkvæmdastjóra gefið umboð til leiðréttinga eins og við á.

Bryndís Einarsdóttir, fjármálastjóri KSÍ vék af fundi.

5. Verkefni milli funda.

- a. Rætt var um samskiptamál og m.a. verður lögð áhersla á að tengja betur stjórn og skrifstofu.
- b. Rætt um samning KSÍ og ÍTF. Formaður og framkvæmdastjóri KSÍ munu funda með fulltrúum ÍTF vegna málsins næstkomandi föstudag.

6. Ársþing

- a. Rætt um undirbúning fyrir ársþingið á Ísafirði.
- b. Formaður KSÍ kallaði eftir tillögum frá stjórn varðandi dagskrá málþings. Frekari umræðu um dagkrárlíðinn var frestað til næsta fundar.

7. Mótamál

- a. Halldór B. Jóhannsson formaður dómarnefndar ræddi stuttlega um dómaramál.
- b. Mótamál
 - ✓ Helga Helgadóttir formaður starfshóps um varalið í keppni meistaraflokks kvenna (þingskjal 13 frá ársþingi KSÍ 2022) kynnti skýrslu starfshópsins. Málið verður tekið upp á fundi með ÍTF næstkomandi föstudag og rætt á næsta stjórnarfundum.

8. Aðstöðu/vallarmál

- a. Stjórn KSÍ hefur mótttekið erindi frá FIFA vegna „Pelé-vallar“.
- b. Lagt var fram erindi frá Breiðdalsvík vegna Pelé-vallar. Málið verður skoðað í tengslum við dagskrárlíð 8.c.
- c. Lagt var fram skriflegt erindi frá Ívari Ingimarssyni stjórnarmanni þar sem óskað er að KSÍ standi fyrir úttekt á knattspyrnumannvirkjum utan stór-höfuðborgarsvæðisins. *Stjórn samþykkti að fela nýjum leyfisstjóra verkefnið. Stefnt er að skýrsla til stjórnar verði tilbúin eigi síðar en 31.12.2023. Rætt um að kanna mögulega aðkomu Byggðastofnunar.*

9. Landsliðsmál

- a. Farið yfir það sem er efst á baugi hjá landsliðum Íslands.

10. Önnur mál

- a. 76. íþróttatæping ÍSÍ verður haldið dagana 5.-6. maí 2023.
- b. Næstu stjórnarfundir:
 - ✓ 19. janúar
 - ✓ 9. febrúar
 - ✓ 24. febrúar á Ísafirði (stór stjórn)

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 20:00.

Klara Bjartmarz, fundarritari